

Tilkynning frá Hugarafli

Vegna breytinga á samkomubanni frá og með 4.maí næstkomandi

Frá og með 4.maí n.k breytast reglur um fjöldamörk í samkomubanni úr 20 manns í 50 manns. miðast. Reglur um tveggja metra fjarlægð haldast óbreyttar.

<https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=ab3485b5-a616-48bd-8db2-476a28fb45ce>

Í samræmi við ofangreinda tilkynningu frá Heilbrigðisráðuneytinu um takmarkanir í samkomubanni verða breytingar á starfi Hugarafls eftirfarandi:

Einstaklingar sem eru í stuðningi hjá fagaðilum Hugarafls geta komið í Lág múlanum eins og áður en eru beðnir að dvelja ekki lengur en þörf krefur í húsnæðinu.

Minni lokaðir stuðningshópar munu færast af Zoom og hittast í Lág múlanum. Hópstjórar munu hafa samband varðandi tímasetningu og ákveða hvaða rými hópurinn mun nota. Til að virða tveggja metra regluna reiknum við m.a. með að nýta alrými til hópastarfsins þ.e. stofuna og eldhúsið.

Áfram munu allir opnir hópar, Hugaraflsfundir og verkefnahópar funda í gegnum zoom.

Metið verður eftir hverja viku hvernig næsta vika muni líta út og allar breytingar tilkynntar í lokaðri Facebook grúppu Hugarafsfélaga, á heimasíðu Hugarafls, hugarafli.is og Slack.

Stjórn og starfsfólk mun á næstu vikum undirbúa húsnæðið fyrir opnun og við vonumst að sjálfssögðu til að vikurnar líði hratt og eðlileg starfsemi geti hafist sem fyrst í húsnæðinu í Lág múla. Eins og fram hefur komið verða þetta fyrstu skrefin þar til nálægðar- og fjöldatakmörkunum verður breytt frekar.